

veiðasjóðs Íslands, skulu færa niður hækkanir að fjárhæð kr. 1.841.408 á skuld stefnanda, Húna h/f, við Fiskveiðasjóð Íslands samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 30. ágúst 1963, upphaflega að fjárhæð kr. 8.500.000, um kr. 738.068 og fella niður vexti af kr. 136.000 frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af kr. 738.068 frá þeim degi. Stefndu greiði stefnanda kr. 130.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1978.

Nr. 152/1976. Trésmiðja Austurbæjar h/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóni Hilmari Björnssyni og gagnsök

(Sigurður Helgason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. ágúst 1976. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. september 1976. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 1.500.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að „fébætur verði hækkaðar frá

ákveði héraðsdóms“ og að um vexti og málskostnað fari svo sem greinir um aðalkröfu. Til þrautvara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 19. október 1976.

Fallist er á, að það hafi verið vanbúnaður á vélsöginni, að sagarblaðið var ekki búið öryggishlíf. Telja verður, að þess hefði verið kostur, eins og verkefninu var háttað, að hafa hlíf yfir sagarblaðinu, sem hindrað hefði, að gagnáfrýjandi ræki fingurinn í blaðið, hvort sem fingurinn hefur lent ofan á blaðinu eða ekki.

Ósannað er, að gagnáfrýjandi, sem er iðnlærður trésmiður með meistararéttindi, hafi hreyft athugasemdum við þessum vanbúnaði sagarinnar. Þá hefði hann sjálfur getað gert öryggishlíf um sagarblaðið, en það var mjög auðvelt að álit hinna dómkvöddu matsmanna. Þykir hann því sjálfur eiga nokkra sök á, hvernig fór. Er því rétt að skipta sök á slysi þessu og telja gagnáfrýjanda eiga sjálfan þriðjung sakar. Verður því aðaláfrýjanda dæmt að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að 2/3 hlutum.

Tjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku þykir hæfilega ákveðið 650.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til greiðslu dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins. Bætur fyrir þjáningar og lýti þykja hæfilega ákveðnar 100.000 krónur.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda, sem hér skiptir máli, samtals 750.000 krónur, og ber aðaláfrýjanda að bæta gagnáfrýjanda 2/3 hluta þess, eða 500.000 krónur með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 275.000 krónur og renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar

með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, samtals 230.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Trésmiðja Austurbæjar h/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Hilmar Björnssyni, 500.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 275.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 230.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júní 1976.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 25. júní 1974 og þingfest 27. júní s.á. Munnlegur málflutningur fór fram 24. júní 1976, og var málið þá dómtekið.

Stefnandi málsins er Hilmar Björnsson, Laufskógum 1, Hveragerði, en stefndu Trésmiðja Austurbæjar h/f, Reykjavík, og Samvinnutryggingar g/t, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Trésmiðja Austurbæjar h/f, verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 1.500.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. desember 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 22. maí 1975, fékk stefnandi gjafsókn í héraði.

Dómkröfur stefnda, Trésmiðju Austurbæjar h/f, eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu að mati dómsins.

Engar dómkröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann gerir ekki kröfur af sinni hálfu.

Ítarlegar sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 28. júní 1972 varð stefnandi, sem var starfsmaður stefnda, fyrir slysi, þar sem hann var að vinna við hjólsög í nýbyggingu Veðurstofunnar við Öskjuhlíð í Reykjavík, þar sem stefndi hafði á hendi trésmíðavinnu. Forstjóri stefnda, Guðjón Pálsson, tilkynnti slysið samdægurs til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og Öryggiseftirlits ríkisins, og fór fram rannsókn af hálfu þessara aðilja á orsökum slyssins.

Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar er það haft eftir Guðjóni Pálssyni, að stefnandi hafi orðið fyrir slysinu um kl. 1330. Hafi hann verið að rista timbur í vélsög í nefndri byggingu og af einhverjum ástæðum lent með finger í sagarblaðinu. Í sömu skýrslu er haft eftir stefnanda, að hann hafi verið að vinna við áðurgreint verk og óvart farið með vinstri hönd of nálægt sagarblaðinu og lent í því. Hafi hann verið með vinnuvettlinga á höndum og eitthvað verið að snúa sér til og þá ekki gætt nægilega vel að sér með þeim afleiðingum, að vísifinger hægri (sic) handar hafi lent í söginni og skaddast talsvert mikið.

Stefnandi málsins, Jón Hilmar Björnsson trésmíðameistari, hefur lýst aðdraganda slyssins þannig fyrir dómi, að hann hafi verið að vinna við umrædda vél ásamt öðrum starfsmanni stefnda, Birgi Kristmar Finnbogasyni kennara, og hafi þeir verið búnir að rista planka í vélinni í tvo til þrjá daga. Þeir tveir einir hafi unnið við verkið og staðið þannig að því, að stefnandi hafi ýtt plönkunum á sagarblaðið í vélinni, en Birgir tekið á móti þeim. Í þessu tilviki hafi stefnandi neyðst til að hafa vinnuvettlinga á höndum, vegna þess að hann hafi verið orðinn svo sárhentur af því að koma timbrinu í gegnum vélina, en yfirleitt notaði hann ekki vinnuvettlinga við slíkt verk. Umræddir plankar hafi verið 2"x8", allt að 18 fetum á lengd. Stefnandi sagði, að talsvert þröngt hafi verið orðið um sig þarna vegna þess, hve mikið timbur hafi verið í kringum hann, og hafi hann ekki haft mikið svigrúm til þess að snúa sér til. Sjálfu slysinu lýsti stefnandi svo orðrétt: „Ég var búinn að setja plankann í gegn og var að snúa mér til til þess að ná í næsta planku, sem var í bunka aftan við mig, og sneri mér svona til og hef farið of nálægt blaðinu, þannig að finger-

inn hann skellur í blaðið, en ég var kominn það langt, að ég slapp að mestu leyti með næsta fingur, þó ekki alveg.“ Hann hafi staðið þeim megin við blaðið sem opið sé.

Vitnið, áður nefndur Birgir, sagðist hafa séð mjög greinilega, hvað gerðist. Erfitt hafi verið að saga plankana, vegna þess hve þykkir þeir voru. Hann hafi staðið andspænis stefnanda og dregið umræddan planka í gegnum sögina, en stefnandi ýtt á eftir. Hann hafi verið búinn að draga plankann í gegnum sagarblaðið og stefnandi verið að snúa sér við til þess að taka næsta planku, þegar fingurinn hafi farið í sagarblaðið. Um mikið magn af stóru timbri hafi verið að ræða og hafi þeir verið búnir að rista þarna töluvert lengi. Þeir hafi verið þarna á mjög afmörkuðu svæði, komið hafi verið með mikið magn af timbri í einu og hafi því verið hlaðið alls staðar í kringum þá. Hafi þeir orðið aðorfæra timbrið mjög vel til þess að komast tiltölulega vel að vélinni. Plankarnir hafi verið svo langir, að það hafi þurft ansi gott svigrúm til þess að saga þá.

Dómkvaddir matsmenn settu umræddan atburð á svið og fengu eftirfarandi samhljóða upplýsingar hjá stefnanda og Guðjóni Pálssyni, sbr. framlagða matsgerð. „Verkið var stórt, tók um það bil 3—4 vikur. Unnið var við ristingu allan daginn. Gólf var ílagt og ekki spýtukubbar eða rusl á gólfinu. Hilmar vann við að rista 2”x6” — 2”x7”, rist í miðju, ásamt Birgi Finnbogasoni kennara, og vann hann sitt verk af kostgæfni. Þeir höfðu unnið við þetta verk í 3—4 daga. — Hilmar risti, en Birgir tók á móti. Þegar lokið var við að rista einn plankann og hann hafði verið lagður í stæðu vinstra megin við sögina í sagarhæð, snéri Hilmar sér við til að taka næsta planku. Lenti hann þá með vísifingur vinstri handar ofan á sagarblaðinu. Hilmar notaði vinnuvettlinga vegna sárinda á höndum. Hilmar kvað sagarblaðið hafa bitið vel og hafi það staðið 1,5 cm upp úr efninu, sem sagað var.“

Um aðstöðu á vinnustað er eftirfarandi haft eftir stefnanda og Guðjóni Pálssyni í nefndri matsgerð: „Góð birta, góður hiti, vinnuáðstaða eðlileg, en mátti þó ekki vera þrengri að sögn Hilmar.“ Þessa lýsingu í matsgerð staðfestu stefnandi og Guðjón Pálsson við vettvangsgöngu að öðru leyti en því, að stefnandi vildi orða það svo, að hann hefði lent með fingurinn í sagarblaðinu, er hann var að snúa sér við.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns segir, að hann hafi ekki getað séð neitt athugasvert við aðstæður á slysstað.

Um útbúnað vélagarinnar sagði stefnandi fyrir dómi, að henni

hefði verið mjög ábótavant sem slíku tæki að hans dómi. Landinu, sem rist hafi verið við, hafi eingöngu verið fest með 2 þvingum og önnur festing ekki verið á því. Engin hlíf hafi verið á sagarblaðinu, hvorki fyrir neðan sagarblað né ofan, enginn framdráttur, sem svo sé nefnt, til þess að keyra timbrið í gegn og hafi orðið að ýta því öllu með handaflí. Ekki hafi einu sinni verið hægt að hækka eða lækka sagarblaðið. Það hafi sem sagt vantað allt á vélina til þess að vinna þetta verk sem slíkt. Í raun og veru hafi hann verið miklu hræddari um óviðkomandi menn, sem voru að fara þarna um, en nokkurn tíma sjálfan sig í sambandi við verkfærið. Vélin hafi í raun og veru verið alveg óvarin. Á hana hafi vantað allan öryggisútbúnað, sem eigi að vera á slíkum tækjum, enda komi það skýrt fram í skýrslu Öryggiseftirlitsins. Ef framdráttur hefði til dæmis verið á vélinni, þá hefði hann tekið við plönkunum og keyrt þá í gegn og hefði þá hann, þ. e. stefnandi, aldrei þurft að fara með planka nema undir það tæki.

Guðjón Pálsson sagði, að öryggishlíf á umrædda vél hefði ekki verið til. Það væri alls ekki venja að hafa framdrátt eða framdrif á vélum sem þessum, en hins vegar hefði það kannski verið mjög æskilegt. Guðjón sagði, að vegna þess að landið hefði verið þvingað með þvingu öðrum megin, hefði verið seinlegt að færa það til, en það hefði ekki haft nein áhrif á umrætt slys. Búið hefði verið að vinna með vélina svo útbúna í nokkur ár og ekkert komið fyrir. Á flestar svona vélar sé ekki notuð hlíf, því bæði sé hún óþægileg og fyrir hafi komið, að menn hafi rekið hendurnar í hana og slasast af því. Oft mundi slík hlíf ekki gera annað en að þvælast fyrir þeim, sem væri að vinna við vélina. Guðjón sagði ekki rétt vera, að ekki væri hægt að hækka og lækka sagarblaðið. Það væri hægt að lækka það þannig, að það væri alveg slétt við borðið og færa það 8—9 cm upp úr borðinu.

Vitnið Birgir sagði, að þótt vélin hefði kannski ekki verið upp á það fullkomnasta, þá gæti maður ekki sagt fyllilega um, hvað hefði valdið slysinu.

Í framlagðri matsgerð segir svo orðrétt: „Hilmar og Guðjón voru sammála um, að umrædd vélsög væri óbreytt frá því að slysið, sem fjallað er um, skeði, að frátöldu sagarborði, en það hafði verið mjókkað um 68 cm. Einnig voru þeir sammála um, að sama sagarblaðið væri í vélinni og sami útbúnaður á „landi“. Við skoðun kom í ljós, að umrædd vélsög er íslensk smíði, borð úr 22 mm Gabon plötu 90x122 cm, en grind úr té-járni 4x4 cm.

Á söginni var útbúnaður til þess að hækka og lækka sagarblaðið. Landinu (stýringunni) er fest með 2 þvingum á borðið. Sögin er traustlega byggð. Enginn hlífðarbúnaður er fylgjandi söginni. „Niðurstaða matsmanna í matsgerðinni um þetta atriði er svoljóðandi: „Landinu teljum við örugglega fest með 2 þvingum, og stýringu teljum við einnig örugga, en seinvirka. — Enginn öryggis- og/eða hlífðarútbúnaður fylgdi söginni,“ Matsmaðurinn Leifur Blumenstein byggingafræðingur hefur sagt fyrir dómi, að þar sem hlífðarútbúnaður hafi ekki fylgt vélinni, hafi verið um tvo möguleika að ræða, annað hvort að fá járníðnaðarmenn til að útbúa sérstaka hliðarhlíf eða þá að þeir, sem unnu verkið, hefðu útbúið sjálfir hlíf. Slika hlíf hefði stefnandi sjálfur getað útbúið úr nærtæku timbri, 2 klossum og þvingum, þannig að alla vega hefði ekki verið hægt að meiða sig með því að koma ofan á blaðið. Algengt sé, að svona hlífar séu útbúnar. Matsmaðurinn Þorsteinn Guðmundur Hjálmarsson húsgagnasmíðameistari sagði, að ákaflega auðvelt hefði verið að útbúa öryggishlíf á vélina úr tré og hefði stefnandi getað gert það. Hann hefði getað sjálfur útbúið svo góða öryggishlíf, að hún hefði getað komið í veg fyrir slys. Í framlagðri skýrslu Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns segir, að þarna hafi verið um nýlega vél-sög að ræða, sem hafi virst í góðu lagi. Þessa skýrslu hefur rannsóknarlögreglumaðurinn staðfest fyrir dómi.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, dags. 30. júní 1972, hefur Vilberg Helgason eftirlitsmaður þetta að segja um vélina: „Ég undirritaður fór og skoðaði umrædda sög, og virtist mér hún vera íslenzk smíði með borði og landi úr tré, og var landinu fest í sinn hvorn endann með trésmíðapvingum. Stýring fyrir landið heldur ófullkomin. Enginn hlífðarbúnaður var á söginni né hann sagður vera til.“ Lagðar hafa verið fram ljósmyndir af umræddri vélsög og minnisblað með mælingum og athugunum matsmanna á vélinni. Þá hafa dómendur skoðað vélina rækilega við vettvangsgöngu.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að hann hefði verið búinn að biðja Guðjón Pálsson eða trésmíðjuna að gera ráðstafanir til þess að setja hlífar á vélina og hafi átt að gera það, en ekki verið búinn að því. Ekki sagðist hann þó muna, hvenær hann hefði farið fram á þetta við Guðjón. Hann minnti, að það mundi rétt vera, að hann hefði verið búinn að hafa orð á þessu, þ. e. farið fram á hlífar á vélina. Við sampröfun stefnanda og Guðjóns sagði stefnandi, að það væri ekki víst, að hann hefði rætt þetta við Guðjón.

Verið gæti, að hann hefði talað við Guðmund, verkstjóra hjá trésmiðjunni. Ekki sagðist stefnandi hafa talað um það við Guðjón, að hann neitaði að vinna, ef ekki yrði úr þessu bætt. Sannleikurinn væri sá, að svona hlutir væru framkvæmdir, án þess að menn hefðu í raun og veru leyfi gagnvart sjálfum sér að gera það.

Guðjón Pálsson sagði, að stefnandi hefði ekki óskað eftir úrbótum á vélinni. Stefnandi hefði aldrei minnst á það við hann, að sett yrði öryggishlíf á vélina, hvort sem hann hefði minnst á það við einhvern annan, en um það vissi hann ekki. Guðjón staðfesti, að hjá honum hefði verið starfsmaður að nafni Guðmundur, en ekki sem yfirmaður.

Vitnið Birgir sagði, að stefnandi hefði oft verið að tala um það við sig, að vélin væri ekki í sem fullkomnustu ásigkomulagi. Hann hefði sagt sér, að hann væri búinn að tala við yfirmann á staðnum um það, að þessi trésmiðavél fullnægði ekki öllum þeim ýrustu kröfum, sem gerðar væru til hennar.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að ekki hefði verið neinn eftirlitsmaður af hálfu trésmiðjunnar þarna á staðnum, en það hefði verið eftirlitsmaður, byggingameistari, frá ríkinu þarna í húsinu.

Guðjón Pálsson sagði, að ekki hefði verið fastur eftirlitsmaður af hálfu trésmiðjunnar á vinnustað. Sjálfur hefði hann komið á staðinn og séð, að stefnandi notaði fingravettlinga við sögina, og hafi hann áminnt hann um, að það væri stórhættulegt, „af því að hann fór svo nálægt blaðinu með vettlingana, að þeir gætu gripið í blaðið og hann gæti slasað sig á þessu“. Hafi hann sérstaklega tekið fram við stefnanda, að hann skyldi gæta sín á þessu, en stefnandi hafi þá sagt, að hann væri vanur að nota vettlinga, og sagðist ekki telja það neitt hættulegt. Hann hefði þá sagt stefnanda, að hann vissi, hvað gæti skeð, ef blaðið næði vettlingnum og drægi höndina á honum í sögina. Þetta hefði hann sérstaklega tekið fram við stefnanda, vegna þess að hann hefði bannað öllum sínum mönnum að nota vettlinga við þessar sagir. Við sampröfun sagðist stefnandi ekki muna, hvort Guðjón hefði áminnt hann um þetta.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að hann hefði áður unnið við trésmiðavélar sem trésmiður. Meðan hann hefði verið að læra, hefði hann t. d. staðið í 4 ár að mestu leyti við sömu vélina, sambyggða vél, og ætti því að vera nokkurn veginn sæmilega vanur að fást við þetta. Hins vegar hefði hann ekki áður lent í svipuðum

kringumstæðum við að saga og þarna voru. Í réttinum var stefnandi spurður eftirfarandi spurningar: „Teljið þér, að ef hlíf hefði verið á vélinni, að þá hefði hún getað hlíft blaðinu þannig, að þér hefðuð ekki lent í blaðinu?“ Stefnandi svaraði: „Nei, en þessi hlíf er sjálfsagður öryggisútbúnaður á svona vélum og á að vera, og það er þetta, sem Öryggiseftirlitið taldi vélinni ábótavant ásamt öðru.“ Þá var stefnandi spurður eftirfarandi spurningar: „En þér teljið sem sagt, að eins og á stóð þá hefði hlífín ekki getað komið í veg fyrir slysið?“ Stefnandi svaraði: „Ekki nema kannski að því leyti til, að ég hafi verið að einhverju leyti hálfhræddur við vélina vegna þess, að þessi útbúnaður var ekki á henni, þetta var allt saman opið, og ég stóð þeim megin við hana að sjálfsgöðu.“ Í niðurstöðu matsmanna í matsgerð segir svo orðrétt: „Þegar litið er til frásagna þeirra Guðjóns og Hilmars, verður ekki annað séð en að aðstaða á vinnustað hafi verið góð til þess að vinna umrætt verk.“

Eins og áður hefur fram komið, var engin öryggishlíf yfir sagarblaðinu, en hefði hún verið útbúin, mundi það, að okkar álit, hafa komið í veg fyrir umrætt slys. Sérstaklega ber að hafa í huga, að nota hefði átt hlíf, þar sem svo mikið timbur var í sögun. — Matsmenn yfirfóru vélsögina, stilltu hana og söguðu í henni. Sögin va... öllilega.“

Matsmaðurinn Leifur Blumenstein var að því spurður fyrir dómi, hvort hann teldi, að slysið hefði ekki getað orðið, ef öryggishlíf hefði verið á vélinni. Matsmaðurinn kvaðst telja það, vegna þess að stefnandi hefði sveiflað hendinni að aftanverðu, þar sem hlífðarútbúnaðurinn ætti að vera, þannig að sagarblaðið væri hvergi opið til þess að lenda á því, ef fullkominn hlífðarútbúnaður hefði verið á vélinni. Þá var matsmaðurinn að því spurður, hvort möguleiki hefði verið á því, að stefnandi hefði getað slæmt fingri milli hlífarinnar eða undir hana, ef hún hefði verið á. Matsmaðurinn svaraði þannig: „Ég bara vísa hérna aftur til, að hefði hann sett höndina ofan á blaðið eins og hann gerði, þá hefði það komið í veg fyrir slysið. Ég hef ekki grandskoðað einhverja aðra möguleika.“ Þá sagðist matsmaðurinn sérstaklega hafa spurt stefnanda að því, hvort hann hefði sagað í sig eða hvort hann hefði lent ofan á blaðinu, og þegar stefnandi hafi leikið þessa sveiflu, þá hafi hann snúið sér við og komið of nærri blaðinu, ofan á það. Þannig hafi hann sagt matsmönnum frá slysinu. Fyrir dómi staðfesti hinn matsmaðurinn, Þorsteinn Guðmundur Hjálmarsson, þá skoðun, er fram

kemur í matsgerðinni, að öryggishlíf hefði komið í veg fyrir umrætt slys.

Þann 1. júní sl. fór fram vettvangsganga, og tóku þátt í henni auk dómenda lögmaður stefnanda, stefnandi, matsmaðurinn Leifur Blumenstein, Guðjón Pálsson og vitnið Birgir Finnbogason. Umrædd vél var skoðuð, þar sem hún stóð á vinnustað í Arnarholti á Kjalarnesi. Var vélin skoðuð rækilega, og viðstaddir gáfu umbeðnar upplýsingar. Stefnandi og vitnið Birgir sýndu, hvernig þeir stóðu að verkinu, er slysið varð. Við þetta tilefni sagði stefnandi, að hann hefði ekki talið sig hafa haft heimild til að útbúa hlíf á vélina, jafnvel þótt hann hefði hugsanlega getað það. Guðjón Pálsson upplýsti, að sagarblaðið í vélinni, er slysið varð, hefði verið 12".

III.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar vélsagarinnar, sem stefndi beri ábyrgð á. Vanbúnaðurinn hafi verið fólgin í því, að landið hafi verið fest með trésmíðapvingum, á því hafi verið ófullkomin stýring og vantað hafi hlífðarútbúnað. Einnig megi benda á, að á staðnum hafi enginn verkstjóri verið. Góðs umbúnaðar og eftirlitsmanns hefði verið þörf, þar sem hér hafi verið um hættulegt starf að ræða. Stefnandi hafi kvartað við stefnda út af vanbúnaði vélarinnar. Að öllu þessu athuguðu beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að umrætt vinnuslys verði eigi rakið til neinna atvika eða áhættu, er hann beri ábyrgð á sem vinnuveitandi stefnanda. Skilyrðum fébótaábyrgðar að lögum sé hér að engu leyti fullnægt. Þessu til áréttingar bendir stefndi á, að vélsögin hafi verið nýleg, búnaður hennar hafi verið í eðlilegu horfi og hún hvorki verið gölluð né biluð. Ekki hafi skort verkstjórn, leiðbeiningar eða eftirlit, enda hafi stefnandi verið lærður trésmíður með langan starfsaldur að baki og kunnað full skil á starfi sínu við vélina, hvernig hafi borið að haga því og hvað hafi borið að varast. Það eigi við um trésmíðavélar sem margar aðrar vélar og tæki, að nokkur hætta fylgi vinnu við þær. Slíkri hættu verði aldrei byggt út að öllu, þótt fullnægt sé ýtrustu kröfum um öryggisútbúnað. Öryggiskröfum verði að setja eðlileg takmörk. Þær megi ekki ganga svo langt, að þær girði fyrir eða torveldi að mun mögulega nýtingu vélar. Hafa beri í huga, að eigi verði ávallt komið við hlífarbúnaði með góðu

móti eða eðlilegu. Við sum verk verði honum alls ekki komið við, þótt hann geti komið að fullu gagni við önnur. Þótt koma hefði mátt við hlíf, sé það alltof ströng öryggiskrafa miðað við allar aðstæður og að auki hefði hlíf ekki komið hér að haldi. Slysið hafi orðið með þeim hætti, að hlíf yfir sagarblaðinu hefði ekki getað komið í veg fyrir það. Ekki fari milli mála, að um slysið sé eingöngu við stefnanda sjálfan að sakast. Hann hafi eigi gætt þeirrar varúðar, sem af honum mátti krefjast. Hann hafi virst vera úti á þekju við starf sitt. Að öðrum kosti hefði hann eigi slæmt hendinni í sagarblaðið. Því sé eindregið mótmælt, að umræddri vélsög hafi verið verulega ábótavant varðandi öryggisbúnað og að orsök slyssins megi rekja til þess vanbúnaðar. Skýrsla Öryggiseftirlits ríkisins gefi alls ekki tilefni til þessara ályktana. Þar ræði ekkert um vanbúnað vélsagarinnar og þar sé ekkert tekið fram um orsakir slyssins. Framlögð matsgerð hafi ekki gildi, þar sem hún sé byggð á röngum forsendum. Matsmenn byggi á þeirri frásögn stefnanda, að hann hafi lent með höndina ofan á sagarblaðinu, en sjálfur hafi stefnandi lýst atvikum á annan veg. Loks telur stefndi stefnanda bundinn af þeirri yfirlýsingu sinni fyrir dómi, að hlíf á vélinni hefði ekki getað komið í veg fyrir slysið.

IV.

Óumdeilt er, að öryggishlíf var ekki á vélsöginni, er slysið varð, og enginn slíkur útbúnaður var til. Útbúnaði vélsagarinnar var einnig á annan hátt ábótavant, þegar litið er til þess verks, sem verið var að vinna. Á vélsöginni var t. d. ekki framdrif, ekki hnífur aftan við sagarblaðið og engin „spónsuga“. Telja verður útbúnað vélsagarinnar brjóta í bága við ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Það er álit dómsins, sem styðst við niðurstöðu framlagðrar matsgerðar, að umrætt slys verði eingöngu rakið til þess vanbúnaðar vélsagarinnar, sem stefndi ber fébótaábyrgð á. Verður stefnandi því ekki talinn bundinn við gagnstæða yfirlýsingu sína hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 123. gr. laga nr. 85/1936. Verður stefndi því dæmdur til að bæta stefnanda tjón hans.

V.

Stefán Guðnason, fyrrv. tryggingayfirlæknir, skoðaði stefnanda og mat örorku hans. Í skýrslu læknisins, dags. 15. desember 1972, segir, að stefnandi hafi fljótlega farið á slysavarðstofu Borgar-

spítalans, þar sem gert hafi verið að meiðslum hans. Stefnandi hafi komið til skoðunar hjá læknum 4. október 1972. Síðan segir í skýrslu læknisins:

„Við skoðun á vinstri vísifingri kemur í ljós, að um nokkra styttingu á fingrinum er að ræða, eða sem nemur rúmum centimetra, og auk þess er fingurinn óeðlilega sver. Það er staurliður í PIP- og DIP-lið. Slasaði kvartar um, að fingurinn sé sár viðkomu, sérstaklega ef hann rekst í, og einnig sækir kuldi á fingurinn. Þá finnst honum og fingurinn þvælast fyrir við ýmsar handartiltektir.

Slasaði er örvhentur. Slasaði kom á ný til undirritaðs 22/11 1972, og er þá ástand fingursins nánast óbreytt frá því, sem var við fyrri skoðun.

Ályktun: Það er um að ræða 46 ára gamlan trésmið, sem varð fyrir slysi á vinstri hendi við vinnu sína fyrir tæpum 6 mánuðum.

Slasaði var til meðferðar í Slysavarðstofu og Slysadeild Borgarspítalans um tíma og fékk æfingameðferð eftir það.

Slasaði telst hafa verið óvinnufær frá slysdegi í 4 mánuði, eftir það lítt vinnufær í 1 mánuð, og eftir það telst vinnugeta hans dálítið skert varanlega.

Varanlegar afleiðingar þessa slyss er bækluð á vinstri vísifingri, á trésmið, sem er örvhentur.

Ekki er hægt að búast við frekari bata á afleiðingum slyssins en þegar er fenginn, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem nú segir:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 1 mánuð	75%
Eftir það varanleg	8%“

Tekið skal fram, að í skýrslu læknisins er slysdagur talinn vera 27. júlí 1972 í stað 28. júní 1972.

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur þrívægis reiknað með líkindatölum örorkutjón stefnanda miðað við slysdag. Þann 22. maí 1976 reiknar hann tjón stefnanda alveg að nýju, og byggir stefnandi kröfugerð sína í málinu á þeim útreikningi. Í þessari síðustu skýrslu tryggingastærðfræðingsins segir, að við útreikninginn hafi verið notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi skv. sænskri reynslu. Í skýrslunni segir m. a. orðrétt:

„Aldur.

Hilmar er sagður fæddur 31. janúar 1926 og hefur því verið 46 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Hilmar er trésmiðameistari, en árið 1965 hóf hann að framleiða gangstéttarhellur, netasteina og slíkt. Hann tjáði mér, að þetta hefði virst ætla að ganga vel, en frá og með 1968 hafi samkeppni í þessari framleiðslugrein verið orðin mjög mikil, og hann hafi loks gefist upp og hætt starfrækslu 15. okt. 1971.

Skattframtöl áranna 1969—1971 sýna eftirfarandi nettótekjur Hilmars af starfrækslunni þrjú síðustu heilu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1968 kr. 138.469,88

Árið 1969 — 139.252,66

Árið 1970 — ÷62.468,00

Þetta virðist staðfesta frásögn Hilmars. Eftir stöðvun framangreindrar starfrækslu hóf Hilmar aftur störf sem trésmiður og vann m. a. hjá Stöpli s.f. í Hafnarfirði, en 12. júní 1972 var hann ráðinn hjá Trésmiðju Austurbæjar, Reykjavík. Hann vann að smíði nýbyggingar Veðurstofunnar við gamla Bústaðavegin. Hann segir, að unnin hafi verið full dagvinna og 10 eftirvinnustundir í venjulegri vinnuviku. Kveðst hann hafa kvittanir, er sýni þetta. Hann vann fyrir tímakaupi og segir taxtana hafa verið kr. 185,00 á klst. fyrir dagvinnu og kr. 245,00 fyrir eftirvinnu — auk orlofs 8,33%.

Af þessu sést, að ekki liggur beint fyrir, hvernig áætla á framtíðarvinnutekjur. Reglan er að miða við aðstæður eins og þær voru síðast fyrir slysið. Oft er þá hægt að nota skattframtalstekjur síðustu heilu almanaksárin fyrir slysið. Þegar nýlega hefur orðið svo gagnger breyting á högum viðkomanda eins og hjá Hilmar, tel ég þá leið ekki gefa rétta vísbendingu um, hverjar framtíðarvinnutekjur kunni að vera.

Til hliðsjónar við ákvörðun bóta vegna vinnutekjutaps hef ég því farið eftirfarandi leið:

Ég áætla honum þær tekjur, sem að framan greinir, að hann hafi haft fyrir störf sín hjá Trésmiðju Austurbæjar, og geri ráð fyrir 46 vinnuvikum á ári. Tekið er tillit til þeirra hækkana á töxtum trésmiða, sem koma til framkvæmda 1. júní, 1. okt. og 1. febr. n.k.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar

sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 8% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um — að frádregnum 8%.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið kr.	514.532	kr. 210.318	kr. 41.163
2. árið eftir slysið —	698.500		55.880
3. árið eftir slysið —	957.834		76.627
4. árið eftir slysið —	1.253.171		100.254
5. árið eftir slysið —	1.558.535		124.683
Síðan árlega	— 1.806.261		— 144.501

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps nota ég tvær mismunandi forsendur um vexti.

Forsenda I:

Frá slysdegi til 16. maí 1973 eru notaðir 7% ársvextir, en síðan 9% til frambúðar.

Forsenda II:

Til 15. júlí 1974 eru notaðir sömu ársvextir og í forsendu I, en síðan 13% til frambúðar.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	<i>Forsenda I:</i>	<i>Forsenda II:</i>
Vegna tímabundinnar örorku kr.	206.034	kr. 206.034
Vegna varanlegrar örorku	— 1.079.193	— 818.742

Samtals kr. 1.285.227 kr. 1.024.776

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Hilmar kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Hilmar hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 5.-7. 1972 til 6.-11. 1972 kr. 59.375,00.
3. Ekki hefur verið athugað, hver er eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta“.

Af hálfu stefnda hefur verið mótmælt grundvelli örorkutjóns-útreikninga. Tryggingastærðfræðingurinn reikni ekki örorkutjón út á hefðbundinn hátt með því að leggja til grundvallar launa-

tekjur stefnanda næstu árin fyrir slysið. Ástæðan sé einfaldlega sú, að með því móti yrði útkoman úr dæminu stefnanda óhagstæð. Þessu sé eindregið mótmælt. Þá sé mótmælt þeim vaxtafæti, sem reiknað sé með. Vaxtafæturnir 7% og 9% p. a. séu alveg úreltir, eftir að innlánsvextir hafi hækkað í 13%.

Þá sé því haldið fram, að slík meiðsli, sem hér ræði um, torveldi ekki tekjuöflunarmöguleika stefnanda. Þeir séu margir trésmiðirnir, sem misst hafi framan af fingrum, án þess að slík örkuð hafi nokkur áhrif á tekjur þeirra. Tjón stefnanda af völdum slyssins sé eingöngu ófjárhagslegt, þegar frá sé talið hið tímabundna atvinnutjón, sem hafi varað 4 mánuði. Örorkumatið, sem byggt sé á, sé því alfarið eða a. m. k. að mestu leyti fræðilegt og að sama skapi óraunhæft.

Taka beri, ef á reyni, fullt tillit til skattfrelsis bóta og hagræðis af greiðslu bóta í einu lagi.

VI.

Stefnandi hefur endanlega sundurliðað dómkröfur sínar þannig:

1. Skaðabætur skv. útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., frá 20 maí 1976, sbr. forsendu I, tímabundin og varanleg örorka (kr. 1.285.227 ÷ 59.375) kr. 1.225.850
2. Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum — 274.150

Kr. 1.500.000

Stefndi hefur mótmælt fjárhæðum dómkrafna bæði í heild og einstökum liðum.

Þegar virtar eru upplýsingar um vinnutekjur stefnanda, framangreindur örorkutjónsútreikningur og annað það, sem hér skiptir máli, þykja fébætur til stefnanda vegna örorkutjóns hans hæfilega metnar kr. 500.000, og hefur þá verið dregin frá dagpeningagreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 59.375, og tekið tillit til nefndra vaxtabreytinga, skattfríðinda og hagræðis eingreiðslu bóta, en ekkert liggur fyrir um það, að stefnandi hafi fengið greiðslur frá atvinnurekanda eftir slysið.

Bætur fyrir þjáningar og lýti, þær er stefnda ber að greiða, þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.000.

Rétt þykir að taka afstöðu til útlagðs kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða

stefnanda samtals kr. 600.000 (kr. 500.000 + 100.000) ásamt 7% ársvöxtum frá 15. desember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og krafist er.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Samkvæmt reikningi, sem lögmaður stefnanda hefur lagt fram, nemur útlagður kostnaður stefnanda kr. 67.250.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 217.250. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, kr. 150.000.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Austurbæjar h/f, greiði stefnanda, Jóni Hilmari Björnssyni, kr. 600.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. desember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 217.250 í málskostnað, en þar af hljóti talsmaður stefnanda, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, kr. 150.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.